

## Reglur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um uppstillingu og forval

*Samþykktar á flokksráðsfundi VG 29.-30. janúar 2021*



Ákvörðun um hvort viðhöfð verði uppstilling eða forval við uppröðun á lista skal tekin á fundi kjördæmisráðs eða svæðisfélags eftir því sem við á og skal þeim aðferðum ekki blandað saman í framkvæmd. Ennfremur skal, í tilviki forvals, ákveðið hvort framkvæmdin fari fram með póstkosningu, á kjörfundi eða með rafrænum hætti.

### Uppstilling

1. Ákvörðun um uppstillingu skal auglýsa á heimasíðu flokksins a.m.k. fjórum vikum áður en fyrirhugað er að birta lista.
2. Kjördæmisráð/svæðisfélag skal kjósa a.m.k. 5 manna uppstillingarnefnd til að annast uppstillingu.
3. Uppstillingarnefnd setur sér fastar starfsreglur og skal meirihluti uppstillingarnefndar ráða niðurstöðu í öllum málum.
4. Uppstillingarnefnd skal auglýsa eftir áhugasömum þátttakendum og gefa félögum kost á að stinga upp á öðrum frambjóðendum.
5. Atkvæðisbærir um afgreiðslu lista eru þeir sem skipa kjördæmisráð en í tilviki svæðisfélags allir þeir sem eru skráðir félagar tíu dögum fyrir afgreiðslufund sbr. 7. gr. laga flokksins. Um afgreiðslu listans fer að öðru leyti í samræmi við 13. gr. laga flokksins.
6. Í samræmi við kvenfrelsisstefnu VG skal tryggja að ekki halli á konur við uppstillingu.
7. Uppstillingarnefnd skal við uppstillingu taka tillit til þess að uppstilling endurspegli búsetu, aldur, menntun, starf og fjölbreytilega stöðu fólks í samfélaginu.
8. Meðlimir uppstillingarnefndar mega ekki taka sæti á lista nema víkja sæti úr nefndinni.

## Reglur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um uppstillingu og forval

*Samþykktar á flokksráðsfundi VG 29.-30. janúar 2021*



VINSTRI GRÆN

### Forval

1. Stjórn kjördæmisráðs/svæðisfélags skal ákveða hvenær forval fer fram.
2. Kjördæmisráð/svæðisfélag kýs a.m.k. 5 manna kjörstjórn til að annast framkvæmd forvalsins og stilla upp heildarlista.
3. Kjörstjórn setur sér fastar starfsreglur og skal meirihluti kjörstjórnar ráða niðurstöðu í öllum málum.
4. Forvalið skal auglýst á heimasíðu flokksins. Fréttatilkynning um það skal send á fjölmiðla.
5. Framboðsfrestur er þrjár vikur fyrir forval. Þeir sem gefa kost á sér skulu tilkynna það skriflega til kjörstjórnar. Þeir sem vilja stinga upp á frambjóðanda geri það skriflega til kjörstjórnar fjórum vikum fyrir forval og mun kjörstjórn þá leita eftir samþykki þeirra sem bent hefur verið á. Nóg er að senda tilkynningu á netfang kjörstjórnar sem staðfestir móttöku framboðsins.
6. Kosning í forvali getur farið fram á kjörstað, með póstkosningu eða með rafrænum hætti eftir ákvörðun kjördæmisráðs/svæðisfélags. Sé ákveðið að halda rafrænt forval skal það standa að lágmarki í þrjá daga.
7. Á hverjum kjörstað skal heimilt að kjósa utan kjörfundar samkvæmt ákvæðum kjörstjórnar. Félagar geta fengið kjörseðil sendan í bréfpósti eða tölvupósti ef þeir óska þess. Litið er á slík atkvæði sem utankjörfundaratkvæði. Tilhögun atkvæðagreiðslu utan kjörfundar sem og póstkosningu skal haga eftir því sem við á í samræmi við ákvæði kosningalaga hvað varðar útbúnað kjörgagna og kosningaleynd. Sama gildir um framkvæmd rafrænna kosninga. Flokksráð staðfestir nánari reglur um framkvæmd sem stjórn hreyfingarinnar undirbýr eftir því sem þurfa þykir.
8. Kynning á frambjóðendum skal vera á vegum kjördæmisráðs/svæðisfélags. Viðkomandi félag skal halda einn eða fleiri opna fundi þar sem frambjóðendum gefst kostur á að kynna sig. Gerður skal bæklingur með nöfnum frambjóðenda, upplýsingum um þá og sýnishorn af kjörseðli með leiðbeiningum um hvernig kjósa skuli. Hver frambjóðandi ber ábyrgð á kynningarefni um sjálfan sig í samræmi við reglur sem kjörstjórn setur um fjölda og gerð mynda, lengd texta, leturstærð, leturgerð, skilafrest o.þ.h. Félagið skipar ritstjóra/ritstjórn sem sér um framkvæmdina. Bæklingurinn verður birtur á heimasíðu og eftir atvikum sendur til allra félaga í viðkomandi kjördæmi/svæðisfélagi. Frambjóðendum er óheimilt að kaupa auglýsingar og skulu stilla öllum kostnaði við framboð sitt í hóf.

## Reglur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um uppstillingu og forval

Samþykktar á flokksráðsfundi VG 29.-30. janúar 2021



VINSTRI GRÆN

9. Atkvæðisbærir í forvali eru þeir sem eru skráðir félagar tíu dögum fyrir kjörfund, eða upphaf kosningar. Skráðir félagar í VG geta ekki fært sig til milli svæðisfélaga/kjördæma eftir að forval er ákveðið, sbr. 7. grein laga hreyfingarinnar. Kjörskrá skal afhenda þeim frambjóðendum sem þess óska gegn undirritun drengskaparheits á eyðublaði sem stjórn hreyfingarinnar útbýr. Frambjóðendur fá lánaða útprentaða kjörskrá hjá formanni viðkomandi kjördæmisráðs/svæðisfélags í samráði við framkvæmdastjóra flokksins eftir að kjörskrá er lokað. Sé ákveðið að halda rafrænt forval geta frambjóðendur fengið hana afhenta rafrænt. Frambjóðandi skal fara með kjörskrána sem trúnaðarmál og fara með hana í samræmi við persónuverndarlög og lög hreyfingarinnar. Óheimilt er að afrita kjörskrána, dreifa henni eða sýna hana öðrum og skal henni skilað í lok forvals. Sé hún afhent með rafrænum hætti skal henni eytt að loknu forvali. Frambjóðandi sendir tilkynningu til skrifstofu eigi síðar en tíu dögum eftir forval um að hann hafi eytt kjörskrá eins og skylt er. Allar hópsendingar á félagar í kjörskrá eru óheimilar, hvort sem er í sms eða í tölvupósti.

10. Í kjörskránni skal koma fram nafn félaga, heimili, aldur, sími og netfang.

11. Stjórn svæðisfélags/kjördæmisráðs skipar 2 umboðsmenn á hvern kjörstað til að fylgjast með framkvæmd kosninga og aðstoða kjósendur sem þess óska.

12. Kjósandi skal raða í töluröð [fjöldi sæta] frambjóðendum sem kjósandi vill að skipi framboðslistann, merkja skal 1 við frambjóðanda sem kjósandi vill að skipi fyrsta sætið, 2 við frambjóðanda sem kjósandi vill að skipi annað sætið og svo framvegis. Atkvæði er ekki gilt ef merkt er við færri sæti en reglur forvalsins segja til um að kjósa skuli í. Atkvæði er gilt ef tölusettir eru fleiri frambjóðendur en þá falla umframtölurnar niður. Ef merkt er við fleiri en einn í tiltekið sæti úrskurðast seðillinn ógildur. Sama gildir um póstkosningu.

13. Kjörstjórn annast talningu atkvæða eins fljótt og auðið er að loknum kjörfundi og birtir úrslit kosningarinnar formlega á vettvangi sem stjórn félagsins ákveður. Úrslit forvalsins eru leiðbeinandi fyrir kjörstjórn við röðun frambjóðenda á lista en í samræmi við kvenfrelsisstefnu VG skal eftirfarandi reglum fylgt ef hallar á konur í niðurstöðu forvals: Fjöldi atkvæða í einstök sæti ræður úrslitum þannig að frambjóðandi sem fær flest atkvæði í 1. sæti telst hafa hlotið kosningu í það sæti; frambjóðandi af gagnstæðu kyni sem fær flest atkvæði í 1.-2. sætið telst hafa hlotið kosningu í 2. sæti; frambjóðandi sem fær flest atkvæði í 1.-3. sæti telst hafa hlotið kosningu í 3. sæti; en frambjóðandi af gagnstæðu kyni sem fær flest atkvæði í 1.-4. sætið telst hafa hlotið kosningu í 4. sæti og svo framvegis eftir því hvað kosið er í mörg sæti. Í samræmi við 3. gr. laga VG skal tryggt að á framboðslistum flokksins í heild, sem og í þau sæti sem kosið er sérstaklega, skuli hlutfall kynja vera sem jafnast.

## Reglur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um uppstillingu og forval

*Samþykktar á flokksráðsfundi VG 29.-30. janúar 2021*



VINSTRI GRÆN

14. Óski frambjóðandi eftir endurtalningu þegar munar innan við 2% atkvæða á milli sæta, þá ber kjörstjórn skylda til að láta telja aftur. Ef atkvæðamunurinn er meiri verður frambjóðandinn að færa fyrir því sannfærandi rök að telja skuli aftur og skal kjörstjórn taka kröfuna til meðferðar og úrskurða í málinu eigi síðar en tveimur sólarhringum eftir lok kosningar. Frambjóðandi getur kært framkvæmd kosningarinnar til kjördæmisráðs/svæðisfélags í tvo sólarhringa eftir að úrslit forvals liggur fyrir.
15. Kjörstjórn stillir upp framboðslistum eftir leiðbeinandi niðurstöðu forvals. Auk þess skal kjörstjórn taka tillit til búsetu, aldurs, menntunar og starfs við uppröðun á lista.
16. Kjörstjórn leggur síðan tillögu sína fyrir til afgreiðslu í samræmi við 13. gr. laga hreyfingarinnar.
17. Kjörstjórn hittist reglulega á meðan á ferlinu stendur og úrskurðar um vafaatriði, utankjörstaðaatkvæði o.s.frv.
18. Meðlimir kjörstjórnar mega ekki taka þátt í forvali nema víkja sæti í kjörstjórn.

### **Þátttaka í sameiginlegum framboðum**

Vilji svæðisfélag/kjördæmisráð beita annarri aðferð við röðun frambjóðenda VG á lista en reglur þessar kveða á um í tilviki sameiginlegs framboðs með öðrum skal stjórn þess leggja tillögu þar um fyrir flokkstjórn a.m.k. 8 vikum áður en valið fer fram. Með slíkri tillögu skal fylgja uppkast að reglum um röðun sem skulu vera í eins miklu samræmi við reglur þessar og unnt er, s.s. hvað varðar samsetningu listans m.t.t. kynjahlutfalls, kjörgengis, kosningaréttar, tímafresta o.s.frv.